Lög fyrir

SURTSEYJARFÉLAGIÐ

1. grein

Félagið heitir Surtseyjarfélagið. Heimili þess er hjá Náttúrufræðistofnun í Garðabæ.

2. grein

Tilgangur félagsins er að efla rannsóknir einkum í jarðvísindum og líffræði í sambandi við Surtsey og á Íslandi almennt. Félagið sjálft annast ekki rannsóknarstörf, en skal leitast við að efla og samræma rannsóknir á sviði t.d. jarðvísinda og líffræði, meðal annars með fjárframlögum til einstaklinga, stofnana eða verkefna. Félagið annast jafnframt viðhald rannsóknainnviða sinna í eynni, í samstarfi við aðra hagaðila þegar við á. Til innviða teljast t.d. Pálsbær, þyrlupallur og reglulegar loftmyndatökur sem fram hafa farið fráupphafi. Eingöngu er um félagasamtök að ræða og er enginn atvinnurekstur í félaginu.

3. grein

Félaginu er heimilt að taka við gjöfum, styrkjum og öðrum fjárhagsstuðningi frá innlendum og erlendum aðilum, bæði opinberum aðilum og einkaaðilum, til starfsemi sinnar, en félagið starfar ekki í hagnaðarskyni.

Verði rekstrarafgangur/hagnaður í félaginu skal honum varið í samræmi við tilgang félagsins. Félagsmenn njóta ekki fjárhagslegs ávinnings af starfsemi félagsins.

4. grein

Félagar geta orðið vísinda- og áhugamenn t.d. á sviði líffræði og jarðvísinda og hafa þeir atkvæðisrétt um málefni félagsins. Ennfremur getur félagið kjörið heiðursfélaga. Inntaka nýrra félagsmanna er háð samþykkt aðalfundar, en tillaga um kjör heiðursfélaga skal hljóta samþykki 2/3 hluta fundarmanna til að öðlast gildi.

5. grein

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Skal hann haldinn eigi síðar en 30. apríl ár hvert. Eingöngu félagsmenn hafa atkvæðisrétt á aðalfundi. Aðalfund skal boða með sannanlegum hætti með minnst viku fyrirvara og er hann lögmætur, ef rétt er til hans boðað. Einfaldur meirihluti atkvæða mættra félagsmanna ræður úrslitum mála á aðalfundi. Enginn getur falið öðrum að fara með atkvæði sitt á aðalfundi. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

a. Kosning fundarstjóra og fundarritara

b. Skýrsla stjórnar

c. Lagður fram ársreikningur félagsins til samþykktar

d. Lagabreytingar

e. Kosning stjórnar

f. Kosning skoðunarmanns ársreiknings

g. Samþykkt nýrra félagsmanna og/eða heiðursfélaga

h. Önnur mál

Framboð til stjórnar skulu berast formanni félagsins minnst fimm dögum fyrir aðalfund.

Félagsmönnum er heimil rafræn þátttaka á aðalfundi. Félagsmanni sem hyggst taka þátt á aðalfundi með rafrænum hætti ber að tilkynna stjórn þess efnis með hæfilegum fyrirvara fyrir aðalfund. Stjórn ákveður nánara fyrirkomulag rafrænnar þátttöku, s.s. í fundarboði, og hvaða kröfur skuli gerðar til tæknibúnaðar svo full þátttaka manns á aðalfundi sé tryggð.

6. grein

Stjórn félagsins nefnist Surtseyjarnefnd (Surtsey Research Committee). Hana skipa 7 menn, sem kosnir eru á aðalfundi. 6 menn eru kosnir til tveggja ára í senn og ganga þrír úr stjórn ár hvert, en endurkjör er heimilt. Sama gildir um varamenn sem verða 3. Formaður skal kosinn sérstaklega til þriggja ára í senn, en endurkjör

er heimilt. Stjórn skal kosin skriflega ef fleiri eru í kjöri en kjósa á. Stjórnin kýs síðan úr sínum hópi varaformann, ritara og gjaldkera. Stjórn skiptir með sér verkum. Formaður boðar til stjórnarfunda. Stjórnin er ályktunarfær ef 5 stjórnarmenn eða varamenn sitja stjórnarfund og gildir afl atkvæða. Falli atkvæði jafnt skal atkvæði formanns ráða. Leitast skal við að í stjórn séu fulltrúar sem flestra þeirra vísindagreina, sem félagið styður með fjárframlögum hverju sinni. Stjórnin annast samræmingu rannsókna og skiptingu fjár til hinna ýmsu verkefna. Er stjórninni heimilt að stofna undirnefndir til að vinna að sérstökum verkefnum, svo og að kalla til innlenda og erlenda ráðgjafa eftir þörfum.

7. grein

Félagið skal semja ársreikning og skal hann yfirfarinn af skoðunarmanni ársreiknings félagsins.

8. grein

Lögum þessum verður aðeins breytt á aðalfundi, enda hafi það verið tekið fram í fundarboði, að tillögur um lagabreytingar liggi fyrir og félögum verið gefinn kostur á að kynna sér þær fram til fundarins. Er stjórn félagsins skylt að kynna þannig tillögur til lagabreytinga, sem einstakir félagsmenn vilja bera fram.

9. grein

Ákvörðun um slit félagsins skal taka á tveimur löglega boðuðum aðalfundum sem haldnir eru með minnst mánaðar millibili og ræður einfaldur meirihluti atkvæða. Skulu aðalfundirnir boðaðir með sannanlegum hætti og fundarefni tekið skýrt fram í fundarboði. Verði félaginu slitið renna skjöl þess til Náttúrufræðistofnunar og eignir þess til þeirra góðgerðarmála sem ákveðin verða á fyrrnefndum aðalfundum.

Lög þessi voru samþykkt á aðalfundi Surtseyjarfélagsins þann 26. mars 2026.

_____
Hólmfríður Sigurðardóttir
formaður

_____
Olga Kolbrún Vilmundardóttir
varaformaður

_____
Bjarni Diðrik Sigurðsson
gjaldkeri

_____
Lilja Gunnarsdóttir
ritari

_____
Birgir Vilhelm Óskarsson
meðstjórnandi

_____
Magnús Tumi Guðmundsson
meðstjórnandi

_____
Sigurður Sveinn Jónsson
meðstjórnandi

_____
Gunnar Viðar Gunnarsson
viðhaldsmeistari og varamaður

_____
Guðrún Nína Petersen
varamaður

_____
María Helga Guðmundsdóttir
varamaður